



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Reglur um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi drög að reglum um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík. Í samræmi við ákvæði umferðarlaga hafa drögin verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Núgildandi reglur um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík tóku gildi þann 1. janúar 2020 og munu gilda til 31. desember 2021. Með nýjum reglum er lagt til að núverandi fyrirkomulagi verði haldið áfram til ársloka 2022 og jafnframt að eingöngu límmiði um gildistíma sé útgefinn af Reykjavíkurborg en notendum sé heimilt að nota eigin klukkuskífu. Ekki eru gerðar aðrar efnislegar breytingar frá núgildandi reglum en framsetning reglanna hefur verið uppfærð.

Klukkuskífur fyrir visthæfar bifreiðar eru hluti af stuðningi borgarinnar við orkuskipti í samgöngum. Fyrstu reglur um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík voru samþykktar 2007. Frá þeim tíma hefur hreinorkubílum í umferðinni fjölgað verulega. Í ökutækjaskrá eru nú skráðir tæplega 9.400 rafmagnsbílar í flokki fólksbifreiða (um 4% skráðra fólksbifreiða í umferð) en þar af voru 3150 nýskráðir árið 2021.

Ár	Nýskráðir rafmagnsbílar (Fólksbifreið M1)	Hlutfall nýskráninga
2021		
<i>Janúar – október</i>	3150	24,06%
2020	2551	24,01%
2019	1090	7,99%
2018	784	3,69%
2017	845	3,26%
2016	375	1,80%
2015	385	2,52%
2014	195	1,85%
2013	80	0,99%
2012	17	0,20%
2011	0	0,00%
2010	0	0,00%



Eins og framangreindar tölur bera með sér er staðan í nýskráningum rafmagnsbíla nokkuð góð og greinilegt að orkuskipti eru í gangi. Reglurnar verða endurskoðaðar aftur fyrir lok árs 2022.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Drög að reglum um bílastæði fyrir vishæfar bifreiðar í Reykjavík.



Reykjavíkurborg

REGLUR

UM BÍLASTÆÐI FYRIR VISTHÆFAR BIFREIÐAR Í REYKJAVÍK

1. Heimilt er að leggja visthæfri bifreið án endurgjalds í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði á götum í Reykjavík, enda sé bifreiðin merkt með klukkuskífu, límmiða um gildistíma útgefnum af Reykjavíkurborg og ekki á negldum hjólbörðum.

Tími gjaldfrelsis miðast við hverja ökuferð en endurnýjast ekki við tilflutning milli bílastæða.

2. Límmiði um gildistíma er gefinn út af Reykjavíkurborg fyrir visthæfar bifreiðar sem eru með skráða lengd undir 5 metrum og ganga eingöngu fyrir rafmagni (rafgeymabílar) eða vetni. Límmiðinn og klukkuskífa skulu vera sýnileg í framrúðu bifreiðar.
3. Reglur þessar sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og hafa hlotið samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, taka gildi þann 1. janúar 2022 og gilda til 31. desember 2022. Endurnýja þarf heimildir sem gefnar voru út á grundvelli eldri reglna.

**Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann XX. nóvember 2021
og á fundi borgarráðs þann XX. nóvember 2021.**